

Fundargerð stjórnar BÍS 11/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 11. maí 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri,

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
3. Starfsyfirlit og og fundargerðir: Starfsyfirlit skrifstofu, dagskráráðs, fræðsluráðs, landsmóts, tillaga í verkefnahóp, yfirlit yfir sumarleyfi starfsmanna, ósk um tillögu um fulltrúa í stjórn Almannaheilla, ósk um tillögu um nýja meðlimi í stjórn ÚSÚ, umsóknir fyrir umsjá skátapings og JOTI coordinator, fundargerðir frá Jamboree og Endurvinnslunni hf lágu fyrir.
4. Tillaga til stjórnar um innleiðingu á nýjum starfsgrunni fyrir skátastarf á Íslandi: ÓP fór yfir málið, sem felur í sér þrjár tillögur:

Tillaga 1 til stjórnar BÍS: „Stjórn BÍS samþykkir að haustið 2011 hefjist formlega innleiðing á nýjum starfsgrunni fyrir íslenska skáta og er gert ráð fyrir að það ferli taki þrjú ár. Að loknum þremur árum (1. september 2014) starfi öll skátafélög og allar skátasveitir á landinu skv. nýjum starfsgrunni. Æskilegt er finna gott heiti á þessum nýja starfsgrunni sem er bæði lýsandi og aðlaðandi. Umræddur starfsgrunnur byggir á þróunarvinnu á vegum WOSM sem kennd er við RAP, greiningarvinnu íslenska RAP-vinnuhópsins sem samþykkt var á Skátapingi 2007 og samþykkt stjórnar BÍS í ágúst 2010 um þýðingu og staðfærslu sveitarforingjahandbóka og stoðefnis þeim tengdum. Nýr starfsgrunnur fyrir skáta á Íslandi byggir á meginmarkmiðum Alheimsbandalags skáta (WOSM) og Bandalags íslenskra skáta (BÍS) og er í samræmi við nýlega stefnumörkun BÍS sem samþykkt var á Skátapingi 2011. Jafnframt verði allt fræðslustarf BÍS endurskoðað og aðlagð að nýjum starfsgrunni.“ Samþykkt.

Tillaga 2 til stjórnar BÍS:

„Skipaður verði **stýrihópur** sem vinni fyrir hönd stjórnar BÍS að innleiðingu á nýjum starfsgrunni fyrir skátastarf á Íslandi. Í stýrihópnum verði: Benjamín Axel Árnason, Halldóra Hinriksdóttir, Jón Ingvar Bragason og Ólafur Proppé. Með stýrihópnum vinni Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS.“ Samþykkt.

Tillaga 3 til stjórnar BÍS:

„Skipaður verði **innleiðingarhópur** sem vinni með stýrihópnum að innleiðingu á nýjum starfsgrunni fyrir skátastarf á Íslandi. Í innleiðingarhópnum verði: allir kjörnir fulltrúar Dagskráráðs BÍS, Fræðsluráðs BÍS og Upplýsingaráðs BÍS auk annarra einstaklinga sem stýrihópurinn telur hag af að fá til liðsinnis við þetta mikilvæga verkefni. Með innleiðingarhópnum vinni framkvæmdastjóri og annað starfsfólk skrifstofu BÍS. Það er bæði eðlilegt og mikilvægt að þessi þrjú starfsráð BÍS sameini krafta sína og vin. ni sameiginlega að þessu mikilvæga

innleiðingarstarfi. Hefðbundið starf og verkefni ráðanna víki því að mestu frá maí til desember 2011 á meðan á fyrsta fasa innleiðingarinnar stendur.“
Samþykkt.

5. Sveitaforingjahandbækur: Frestur ráðanna til að koma með athugasemdir við handbók drekaskátaforingja er framlengdur til næsta stjórnarfundar og þar verða þær ræddar. Handbók dróttskátaforingja verður send út að loknum þeim fundi.
6. Starfsreglur og starfsáætlun stjórnar BÍS: Umræðum frá síðasta fundi var haldið áfram. Niðurstöður voru færðar í sérstakt skjal.
7. Samskiptareglur stjórnar: Umræðu frestað til næsta fundar til að stýrihópur innleiðingar geti farið yfir málið fyrir þann tíma.
8. Önnur mál:
 - a. Heimsþing WAGGGS 2014: Í kjölfar tilkynnigar til WAGGGS um að BÍS hætti við framboð hefur borist afsökunarbeiðni frá WAGGGS vegna mistaka í samskiptum við okkur.
 - b. Skátaþing 2012: Borsit hafa boð frá Ægisbúum og Skátasambandi Reykjavíkur um að halda þingið. BB og HS falið að ræð við báða aðila.
 - c. JOTI Coordinator: Atli B. Bachmann og Ásgeir Björnsson hafa boðist til að taka þetta verkefni að sér. HSG og HS falið að funda með þeim.
 - d. Almannaheill: Aðalfundur Almannaheilla verður haldinn mánudaginn 30. maí kl. 15:00 í húsi Krabbameinsfélagsins. BÍS býðst að tilnefna frambjóðanda til stjórnar/varastjórnar samtakanna. HS falið að ganga frá málinu.
 - e. Starfsmannamál: Pétur A. Maack mun láta af störfum fjármálastjóra 1. ágúst nk. Umræðu um starfsmannamál, þar með talið starf viðburðastjóra frestað.
 - f. Úlfljótsvatnsráð: Skipan fulltrúa BÍS í ÚVR, umræðu frestað. Rætt um hvort ekki sé rétt að auka aðgengi skáta að fundargerðum Úlfljótsvatnsráðs. Málinu vísað til ÚVR.
 - g. Skipan vinnuhóps um skátaheitið: HGH lagði fram tillögu um eftirtalda í vinnuhópinn. Halldór G. Hinriksdóttir, Sigfús Kristjánsson, Ágúst Lofsston, Guðrún Häsler, Sveinn Þórhallsson, Jenný Dögg Björgvinsdóttir og Margrét Tómasdóttir. Samþykkt.
 - h. Afmælisár 2012: Ákveðið að boða formann afmælisnefndar á næsta fund.
 - i. Árshlutauppgjör: Reikningsuppgjör fyrstu þriggja mánaða ársins er tilbúið, en vegna forfall FF frestast umræða til næsta fundar.
 - j. Vinnuhópur um Drekasátamót: JIB lagði fram tillögu að vinnuhópi: Liljar Már Þorbjörnsson, formaður, Haukur Friðriksson, Tinna María Halldórsdóttir og Tryggvi Bragason. Samþykkt.

Fleira ekki rætt
Fundu slitið kl. 20:35
Fundargerð ritaði JA.